

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 46/2001**

**frá 30. mars 2001**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2001 frá 28. febrúar 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB frá 22. desember 2000 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu og altæka fjarskiptaþjónustu í samkeppnisumhverfi<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunartextanum í lið 5c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0022:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB frá 22. desember 2000 (Stjtið. EB L 5, 10.1.2001, bls. 12).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 117, 26.4.2001, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 5, 10.1.2001, bls. 12.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P. K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*)Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.